

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Jónsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. júní 2012
Tilvísun: UST20120600096/ksj

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010 - 2022. Tillaga. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 15. júní sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022. Sveitarfélagið Ölfuss hefur unnið að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Ölfuss með síðari staðfestum breytingum.

Helstu breytingar frá gildandi aðalskipulagi eru:

- Þéttbýlisuppdráttur stækkaður og nær nú að Eyrarbakkegum.
- Hafnarsvæði stækkað til austurs og vesturs og nær nú yfir svæði sem áður var skilgreint sem iðnaðarsvæði. Gert er ráð fyrir stórskipahöfn með umfangsmeiri varnargörðum.
- Gert er ráð fyrir nýjum vegi fyrir þungaflutninga frá væntanlegu iðnaðarsvæði að hafnarsvæði.
- Breytt afmörkun verslunar- og þjónustusvæðis meðfram Þorlákshafnarvegi og Selvogsbraut.
- Miðsvæði minnkað.
- Efnistökusvæði sunnan Þorlákshafnar tekið út og þar kemur opið svæði til sérstakra nota.
- Minjasvæði sem skilgreint er sem hverfisverndarsvæði og opið svæði til sérstakra nota er stækkað til suðurs
- Tekin eru út íbúðarsvæði Í7, Í9-Í11. Íbúðarsvæði Í9 norðan miðsvæðis bætt við.
- Svæði S1 og S2 vestan Þorlákshafnar tekin út.

Skipulagi frestað

Í greinargerð kemur fram að synjað er staðfestingu þess hluta aðalskipulagsbreytingarinnar sem tekur til iðnaðarsvæðis Bitru. Skipulagi er því frestað á því svæði.

Framkvæmdir háðar mati á umhverfisáhrifum

Fram kemur í greinargerð að aðalskipulagsáætlunin felur í sér framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Þessar framkvæmdir eru: Suðurlandsvegur, stækkun hafnar í

Þorlákshöfn, virkjanir á Hengilssvæðinu og efnistökusvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022.

Íbúðarsvæði

Í kaflanum um samfélag og byggð í umfjöllun um íbúðarsvæði kemur fram að áætluð eru mörg ný íbúðarhverfi þar sem íbúðarlóðir eru áætlaðar að jafnaði 0,5 – 3 hektarar. Alls eru þetta 121-172 íbúðir á 14 jörðum. Í umfjölluninni kemur fram að verið sé að koma til móts við aðila sem vilja búa á stórum lóðum utan þéttbýlis. Að mati Umhverfisstofnunar veldur svo dreifð búseta því að fjarlægðir milli heimilis, vinnustaðar og nærþjónustu eykst. Einnig viðheldur og mögulega eykur slík búseta ferðaþörf og kallar á notkun einkabílsins og afleiðingin er lítil áhersla á sjálfbærar samgöngur. Umhverfisstofnun bendir þessu til stuðnings á vinnuskjöl sem orðið hafa til í ferlinu við mótun landsskipulagsstefnu og eru inni á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Að mati Umhverfisstofnunar falla áætlanir um svo dreifða byggð sem áætluð er í aðalskipulagi Ölfuss 2010-2020, ekki að Rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Ríó de Janeiro 1992) sem getið er í lista yfir markmið og ákvæði alþjóðlegra samþykka sem liggja til grundvallar framtíðarsýn og stefnu aðalskipulags Ölfus.

Í umfjöllun um grunnkerfi bls. 85 í greinargerð kemur eftirfarandi fram: „*Skipulag nýrra hverfa taki mið af því að stytta ökuleiðir, ásamt því að staðsetja þjónustu og atvinnutækifæri eins nálægt íbúum og hægt er.*” Ofangreint markmið stangast á við markmið um dreifða búgarðabyggð er fram kemur í aðalskipulagstillögunni.

Efnistökusvæði

Fram kemur í lista yfir efnistökusvæði að í Sandfelli er áætluð efnistaka á 5 ha svæði. Umhverfisstofnun bendir á að Sandfell er í nálægð við Lambafellið þar sem mikil efnistaka fer fram. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að beina efnistöku að Lambafellinu og sleppa því að fara í fleiri fell á svæðinu. Stofnunin bendir á stefnumörkun stjórnvalda ***Velferð til framtíðar Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi Stefnumörkun til 2020*** en þar segir: „*Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námasvæðum; fáar og stórar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar.*” Nú þegar hefur verið kroppað í Sandfellið og ef að áætlun um efnistöku í Sandfelli gengur eftir er mikilvægt að neikvæð sjónræn áhrif verði ekki meiri en þegar er orðið.

Á sveitarfélagsupprætti eru efnistökusvæði sýnd með þeim númerum er fram koma við hverja námu í greinargerð. Að mati stofnunarinnar ættu númer efnistökusvæðanna einnig að koma fram á sérupprætti er sýnir námur.

Opin svæði til sérstakra nota

Í umfjöllun um opin svæði til sérstakra nota kemur fram að gert er ráð fyrir 3 svæðum fyrir ökugerði, ökukennslu og æfinga- og keppnisbrautir. Þessi svæði eru: Hafnarsandur sem er svæði þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu fyrir æfinga- og keppnisbrautir fyrir vélhjólaakstursíþróttir ásamt þjónustuhúsi. Svæðið er tvískipt og er um 35 ha. Einnig er á Hafnarsandi gert ráð fyrir endurobraut, aðstöðu fyrir æfinga- og keppnisbrautir fyrir vélhjólaakstursíþróttir. Svæðið er 206 ha. Bolaöldur og Jósepsdalur eru svæði þar sem gert er

ráð fyrir aðstöðu með ökugerði fyrir ökukennslu, vélhjólaakstursbrautir og vélsleðaíþróttir á veturna. Svæðið er alls 650 ha. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru varanlegar kappaksturs- og reynsluakstursbrautir fyrir vélknúin farartæki, framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Slíkar framkvæmdir skal tilkynna til Skipulagsstofnunar.

Fráveita

Í umfjöllun um markmið kemur fram að stefnt er að því að öll byggð verði tengd viðurkenndum fráveitum, og að sameiginlegar fráveitur verði þar sem þéttleiki byggðar, landslag og náttúrufarslegar aðstæður leyfa. Einnig kemur fram að þar sem lagning sameiginlegra fráveita þyki ekki álitlegur kostur skal nýta önnur kerfi sem vernda umhverfið jafn vel. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einnig að koma fram hver staðan er á frárennismálum innan sveitarfélagsins og hvernig áætlað er að ná ofangreindum markmiðum innan þess. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp eru skýr tímasett fyrirmæli um úrlausnir í fráveitumálum. Að mati Umhverfisstofnunar ættu markmið um fráveitur í aðalskipulagsáætlun að vera tímasettar.

Uppbygging stórskipahafnar

Á hafnarsvæði er áætluð áframhaldandi uppbygging. Þar er um að ræða viðbótaframkvæmdir við núverandi höfn og kemur fram að framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Fram kemur að áhrif á landslag vegna stækkunarinnar verði neikvæð en talið er að áhrif á jarðfræði, jarðmyndanir, gróðurfar og dýralíf séu óljós þar sem aflu þyrfti rannsókna um lífríki á svæðinu. Í umhverfisskýrslu er umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum hafnarframkvæmda vísað til umhverfismats framkvæmdarinnar og umhverfismats áætlunar um deiliskipulag. Umhverfisstofnun telur að í umhverfismati aðalskipulagsáætlunarinnar ætti að koma fram umfjöllun um umhverfisáhrif stækkunar hafnarinnar í samræmi við lög nr. 105/2006.

Óbyggð svæði

Í umfjöllun um markmið fyrir óbyggð svæði kemur fram eftirfarandi: „*Áhersla verður lögð á að vernda lítt röskuð svæði fyrir utanvegaakstri.*” Umhverfisstofnun bendir á að akstur utan vega er bannaður skv. 17. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en þar segir: „*Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega.*” Þar af leiðandi þarf að vernda öll svæði fyrir utanvegaakstri sem er bannaður.

Virkjanir á Hengilssvæðinu

Í umfjöllun um iðnaðarsvæði kemur fram að á Hellisheiði er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði sem er 1000 ha að mestu fyrir jarðvarmavirkjanir. Umhverfisstofnun minnir á að á Hellisheiði er mikið um nútímahraun sem fellur undir sérstaka vernd skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Einnig er gert ráð fyrir 112 ha iðnaðarsvæði vestur af Hellisheiðarvirkjun þar sem er áætluð hreinleg starfsemi sem nýti afurðir frá Hellisheiðarvirkjun s.s. heitt og kalt vatn, gufu eða skiljuvatn. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ný iðnaðarsvæði verði staðsett á þegar röskuðum svæðum eða svæðum þar sem ekki eru náttúruminjar. Umhverfisstofnun

bendir á að hluti af svæði nr. 752 á náttúruminjaskrá fellur undir áætlað iðnaðarsvæði á Hellisheiði. Um svæðið segir í skránni: „ **Hengissvæðið, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu.** (1) *Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá.* (2) *Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.*” Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að tekið sé tillit til náttúruminja og útivistargildis svæða á Hellisheiði þegar iðnaðarsvæði á Hellisheiði er skilgreint.

Loftgæði

Ekkert kemur fram í umfjöllun um jarðvarmavirkjanir á Hellisheiði um það, hvernig bregðast skuli við þeirri brennisteinsvetnismengun sem nú er á Hellisheiðinni. Í umsögn Umhverfisstofnunar um lýsingu aðalskipulagstillögunnar dags. 23. júní 2011 segir: „ *Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að losun brennisteinsvetnis við orkuvinnslu á Hellisheiði og áhrif af losuninni t.d. á gróður verði skoðuð í umhverfismati áætlunarinnar.*” Umhverfisstofnun bendir einnig á möguleg áhrif af losun brennisteinsvetnis á heilsu fólks og mannvirki. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að vera umfjöllun um mengun brennisteinsvetnis frá jarðvarmavirkjunum á Hellisheiði og mögulegar mótvægisáðgerðir eða áætlanir um mótvægisáðgerðir í umhverfisskýrslu er fylgir aðalskipulagstillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á að uppi eru hugmyndir hjá Orkuveitu Reykjavíkur um að óska eftir að skilgreint verði þynningarsvæði mengunar umhverfis jarðhitavirkjanir á svæðinu. Ef af því verður getur þynningarvæði mengunar náð yfir stórt svæði í sveitarfélaginu og það því sett takmarkanir á landnotkun. Þannig er t.d. ekki leyfð föst búseta inn á þynningarsvæði.

Aðrar áætlanir

Í umfjöllun um áætlanir sem eru sem viðmið við aðalskipulagsgerðina kemur fram að markmið er að Ölfusforir verði tilnefnt sem Ramsarsvæði, og tekur Umhverfisstofnun undir það markmið. Umhverfisstofnun tekur undir önnur markmið er varða náttúru- og dýravernd, sjálfbæra þróun og markmið er lúta að því að draga úr útstreymi gróðurhúsalofttegunda.

Upplýsingar um grunnástand umhverfisins.

Í kafla um upplýsingar um grunnástand kemur fram að gengið hafi verið á svæði á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæði við uppbyggingu iðnaðarsvæða á Hellisheiði. Einnig kemur fram að leggja þurfi áherslu á samþættingu verndar og orkunýtingar. Umhverfisstofnun tekur undir áform um samþættingu verndar og nýtingu og bendir á að nútímahraun eru víða á Hellisheiði og aðrar jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 og mikilvægi þess að í áætlunum komi fram að forðast skuli eins og kostur er að þeim verði raskað.

Umhverfismat áætlunarinnar

Að mati Umhverfisstofnunar er stórt svæði ríkulegt af jarðminjum og með mikið útivistargildi skilgreint sem iðnaðarsvæði í skipulagstillögunni. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að losun brennisteinsvetnis við orkuvinnslu á Hellisheiði og áhrif af losuninni t.d. á heilsu fólks, gróður og mannvirki verði skoðuð í umhverfismati áætlunarinnar. Tillaga að aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 nær yfir áætlanir er hafa í för með sér framkvæmdir sem eru

háðar mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Í umhverfiskýrslu er umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar er snýr að stækkun hafnar vísað til umhverfisskýrslu deiliskipulags og umhverfismats framkvæmdarinnar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti í skipulagstillögunni að fjalla um umhverfisáhrif stækkunar hafnarinnar að því marki er fram kemur í lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Varðandi efnistöku í sveitarfélaginu bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að nýttir séu færri og þá stærri efnistökuastaðir eins og stefna stjórnvalda gerir ráð fyrir.

Virðingarfyllst

A. Þóra Guð.
Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun